

Fjárhagsáætlun

Mýrdalshrepps

2011



Mýrdalshreppur

Fjárhagsáætlun 2011

Skatttekjur:

Fjárhagsáætlun 2011 gerir ráð fyrir að heildarskatttekjur nemi 260,2m.kr. samanborið við 266 m.kr. í endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2010.

Útsvar:

Launabreytingar hafa litlar orðið í samfélaginu á þessu ári og þrátt fyrir að kjarasamningar séu lausir er í þessari áætlun aðeins gert ráð fyrir 2% launahækkun og samsvarandi hækkun staðgreiðslu.

Útsvarshlutfall hækkar um 1,20% í samræmi við nýsamþykkt lög frá Alþingi um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga og verður 14.48%, en hlutur ríkisins í skatthlutfalli lækkar samsvarandi á mótí.

Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur lækki milli ára og verði 129 m.kr. á árinu 2011 samanborið við 131 m.kr. í endurskoðaðri fjárhagsáætlun þessa árs 2010.

Fasteignaskattar og lóðarleiga:

Fasteignamat hefur lækkað á íbúðarhúsnæði í Vík um rúm 5% milli ára. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir því að tekjur af fasteignasköttum og lóðarleigu standa í stað milli ára. Til að vega upp á mótí lækkun fasteignamats er ger ráð fyrir hækkun álagningar. Með eftirfarandi álagningarprósentum vera fasteignaskattar samtals um 29,3 m.kr. og lóðarleiga 1.870 þús.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga:

Framlög jöfnunarsjóðs eru áætluð 100 m.kr. 2011, samanborið við 105 m.kr. í á þessu ári. Lækkun á milli ára má rekja til nokkurra þátta:

Greiðslur vegna endurgreiðslu á hækkuðu tryggingargjaldi falla niður og óvissa er um greiðslur svokallaðs aukaframlags á árinu, en samtals fékk Mýrdalshreppur úr þessum tveimur liðum 6 m.kr. á þessu ári.

Önnur fasteignatengd gjöld:

Vatnsskattur verður áfram föst krónutala og hækkar um 11% milli ára og verður 9.680.- Hækkun álagningarhlutfalls í holræsagjöldum úr 0,15% í 0,17 % skilar sveitarfélaginu svipaðri krónutölu á milli ára en eins og áður segir lækkar fasteignamatsstofn milli ára.

Sorphirðugjald hækkar 5% milli ára verður kr. 16.200, en sorpeyðingargjaldið verður óbreytt 16.700 kr.

Samantekin álagningarhlutföll og breytingarþjónustugjalda 2011:

- Fasteignaskattur A: 0,53% af fasteignamati.
- Fasteignaskattur B: 1,32% af fasteignamati.
- Fasteignaskattur C: 1,65% af fasteignamati.
- Lóðarleiga íbúðarhúsnæði: 1,00% af lóðarmati.
- Lóðarleiga atvinnuhúsnæði: 1,00% af lóðarmati.
- Vatnsgjald: 9.600 krónur á íbúð.
- Holræsagjald: 0,17% af fasteignamati og lóðarmati.
- Sorphreinsunargjald: 16.200 kr. á heimili.
- Sorpeyðingargjald: 16.700 kr. á heimili.
- Gjaldskrá leikskóla: Óbreytt milli ára.
- Gjaldskrá Tónskóla: Óbreytt milli ára.
- Gæluðýragjald 7.000 kr. á hvern hund og kött.